

HÓTELÞJÓNUSTA - UMHVERFISSKILYRÐI	Dags.	2012-08-30
	Útgáfa	1.1

VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

Umhverfisskilyrðin eru sett fram á vegum verkefnisins Vistvæn innkaup sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, sjá nánar á www.vinn.is.

Umhverfisskilyrðin eru byggð á viðmiðum umhverfismerkja svo sem norræna Svaninum og Evrópublóminu.



Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:


Lágmarksskilyrði; eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

Matsviðmið; má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðaþætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

Umhverfisskilyrði fyrir hótelþjónustu eru eingöngu matsviðmið.

HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> Loftslagsbreytingar vegna orkunotkunar Loftlagsbreytingar vegna losunar metans (þ.e. gróðurhúsaloftegunda) frá matarúrgangi á urðunarstöðum Skortur á óendurnýjanlegum orkugjöfum (t.d. olíu og gas). Skortur á óendurnýjanlegum auðlindum. Álag á umhverfið vegna framleiðslu á óendurnýjanlegum og endurnýjanlegum auðlindum. Mengun jarðvegs og yfirborðs- og grunnvatns 	<ul style="list-style-type: none"> Draga úr orkunotkun við upphitun bygginga, notkun raftækja og nota endurnýjanlega orkugjafa. Stuðla að fræðslu og umræðum um umhverfismál með notkun umhverfisstjórnunarkerfis Draga úr magni úrgangs, bæta flokkun og endurvinnslu úrgangs Viðeigandi hreinsun skólps og flokkun spilliefna



1 HÓTELÞJÓNUSTA

GRUNNVIÐMIÐ

MATSSKILYRÐI

(Um hótelþjónustu gilda engin lágmarksskilyrði)

1. Umhverfismerki.

Varan þarf að uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund I), svo sem norræna Svansins fyrir „hótel og farfuglaheimili“, eða Evrópublömsins fyrir „gistiþjónustu“. Sé þessu skilyrði fullnægt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.

2. Ljósanotkun

Ljósanotkun þarf að vera stýrð í a.m.k. 80% gistiherbergja (þ.e. sjálfvirk kerfi sjá um að slökkva ljósin þegar gestir yfirgefa herbergin sín).

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt ef bjóðandi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.

3. Sápu- og hársápuskammtarar

Sápu- og hársápuskammtarar þurfa að vera í a.m.k. 90% gistiherbergja til að forðast notkun einnota sápu og hársápu.

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt ef bjóðandi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.

4. Úrgangur

Gestir skulu geta flokkað í að lágmarki þrjá úrgangsflokk og á herbergjunum skulu vera leiðbeiningar sem útskýra og hvetja gesti til að flokka úrgang. Meðhöndlun úrgangs þarf að vera í samræmi við löggjöf yfirvalda.

Staðfesting: Viðmið er uppfyllt ef bjóðandi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi þar sem einnig kemur fram í hvaða úrgangsflokk gestir eiga kost á að flokka úrganginn. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmið er ekki uppfyllt.

ATH. Lagt er til að fyrir atriði 2,3 og 4 sem er uppfyllt fáið allt að 15% af heildarstigagjöf fyrir matsviðmið í matslíkani.

ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMD SAMNINGSINS

Seljandi (samningshafi) skal sýna fram á að orkunýtni hafi verið aukin og dregið úr áhrifum loftlagsbreytinga gistingar, innan tveggja ára frá undirskrift samningsins. Það má gera t.d. með því að fá fagmenn til þessa að gera úttekt á orkunotkun í húsakynnum og ráðast í tilheyrandi endurbætur. Einnig má óska eftir staðfestingu annarra aðila eða eigin yfirlýsingum um gæða- eða umhverfissjórnumarkerfi, birgjasamningum, yfirlýsingum sem uppfylla ISO14021 eða staðla um orkunotkun.



Staðfesting: Seljandi skal senda kaupanda úttektarskýrsla um orkunotkunina frá fagaðila og aðgerðayfirlit eða sambærileg staðfestingu innan tveggja ára frá undirskrift samnings.